



Fundargerð

472. fundur Sveitarstjórnar Skaftárhrepps haldinn í fundaraðstöðu Kirkjubæjarstofu þekkingarseturs Klausturvegi 4, 2. hæð, miðvikudaginn 16. mars 2022, kl. 16:00.

Fundinn sátu:

Bjarki Guðnason, Jón Hrafn Karlsson, Jóna Björk Jónsdóttir, Heiða Guðný Ásgeirsdóttir var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Gústaf B Pálsson og Katrín Gunnarsdóttir var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Sveinn Hreiðar Jensson.

Fundargerð ritaði: Sandra Brá Jóhannsdóttir, sveitarstjóri.

Fundargerð er tölvuskráð og er 5 bls. Fundurinn er einnig hljóðritaður og verður hljóðritun geymd í tölvukerfi sveitarfélagsins. Fundinum verður einnig streymt á Youtube; [Sveitarstjóri Skaftárhrepps's Zoom Meeting - YouTube](#)

Bjarki Guðnason oddviti býður fundarmenn og áheyrendur velkomna.

Oddviti óskar eftir breytingu og viðbót við dagskrá. Liður 7. trúnaðarmál verði liður 8 og við málefnskrá bætist;

II. Málefni til umfjöllunar og afgreiðslu

7. Slit óvirk byggðasamlög. Rangárping ytra, dags. 10.03.2022

Dagskrárbreyting samþykkt.

Sveitarstjóri greinir frá gangi mála frá síðasta sveitarstjórnarfundum:

28. febrúar fundur sveitarstjóra og skipulags- og byggingarfulltrúa með landeiganda Hraunbóls/Sléttabóls vegna vegamála

1. mars stöðufundur lögreglustjórans á Suðurlandi vegna Covid 19 með bæjar- og sveitarstjórum á Suðurlandi

1. mars stjórnarfundur Bergrisans bs.

2. mars fundur með stjórn veiðifélags Skaftártungumanna vegna Hólaskjóls

2. mars fundur með Karli Eðvaldssyni ráðgjafa vegna tilraunaverkefnis í úrgangsmálum

3. mars fundur vegna undirbúnings jafnlaunavottunar

4. mars framhaldsstofnfundur Brákar hses

7. mars fundur með Vegagerðinni vegna legu væntanlegrar veglínu frá Hörgsá að Fossálum í aðalskipulagi

8. mars stjórnarfundur Bergrisans bs.

9. mars fundur í svæðisráði Vestursvæðis Vatnajökulspjóðgarðs

Fundargerðir til samþykktar

1. 2203003F - Skipulagsnefnd - 172

1.1 2203003 - Skaftárvellir 13 - dsk br

Niðurstaða Skipulagsnefnd - 172

RÞG og BKG lýsa yfir vanhæfi og víkja af fundi

Skipulagsnefnd tekur jákvætt í erindið en óskar eftir nákvæmari gögnum



hvað varðar staðsetningu byggingarreits fyrir bílskúrin sem sýnir afstöðumynd fyrir og eftir breytinguna. Skal dsk breytingin unnin sem óveruleg breyting skv. 2.mgr. 43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010 . Þegar uppfærð gögn liggja fyrir er skipulags- og byggingarfulltrúa falið að grenndarkynna dsk breytinguna skv. 44.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

RÞG og BKG koma aftur til fundarins.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar

1.2 2203004 - Efri-Ey II-III - dsk

Niðurstaða Skipulagsnefnd - 172

Fyrir liggur ósk um breytingu á aðalskipulagi Skaftárhrepps í Efri-Ey II-III sem vísað hefur verið til vinnuhóps um endurskoðun aðalskipulags Skaftárhrepps.

Ábending frá slökkviliðsstjóra að slökkvivatni sé gerð góð skil á deiliskipulagsupprætti hvað varðar vatnsmagn, aðgengi og staðsetningu brunahana.

Skipulagsnefnd leggur til að deiliskipulagið verði auglýst skv. 41.gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og þá samhliða auglýsingu á endurskoðuðu aðalskipulagi Skaftárhrepps 2019-2031

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar

1.5 2203009 - Selhólavegur 6 - ask breyting

Niðurstaða Skipulagsnefnd - 172

Skipulagsnefnd vísar óskinni um ask breytingu til vinnuhóps um endurskoðun aðalskipulags Skaftárhrepps og að lóðinni verði breytt í verslunar- og þjónustulóð.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar

1.6 2007016 - Hörgslandskot 2 - ask breyting

Niðurstaða Skipulagsnefnd - 172

ÓEJ lýsir sig vanhæfan og vísar af fundi.

Skipulagsnefnd vísar málinu til vinnuhóps um endurskoðun aðalskipulags Skaftárhrepps 2019-2031.

ÓEJ kemur aftur til fundarins.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar

GRASNI
BVG
1369



notuð er.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða framlengingu yfirdráttarheimildarinnar.

SHJ lýsir yfir vanhæfi við afgreiðslu næsta liðar og viku af fundi

5. 1710003 - Hæðargarður - íbúðabyggð

Fasteignafélagið Skerjavellir ehf hafa unnið drög að deiliskipulagi fyrir íbúðabyggð í Hæðargarði. Oddviti leggur til að rætt verði við forsvarsmenn Fasteignafélagsins Skerjavalla ehf varðandi hugsanlega aðkomu sveitarfélagsins að deiliskipulagssvæðinu.

BG, GP og JHK samþykkja tillögu oddvita og fela sveitarstjóra að óska eftir fundi. JBJ hafnar tillögunni.

SHJ kemur aftur til fundarins

6. 2101008 - Nefndir sveitarstjórnar Skaftárhrepps

Tilnefna þarf formann í Jafnréttisnefnd og varamann í héraðsnefnd Vestur-Skaftafellssýslu.

Oddviti leggur til að formaður Jafnréttisnefndar verði Bjarki Guðnason. Z-listi tilnefnir Jónu Björk Jónsdóttur sem varamann í Héraðsnefnd Vestur-Skaftafellssýslu. Samþykkt samhljóða.

7. 2203011 - Slit óvirk byggðasamlög. Rangárþing ytra, dags. 10.03.2022

Rangárþing ytra leggur til að byggðasamlögunum Green Globe 21 kt. 520506-0200 og Atvinnu/ferðamálaþ Rang/V-Skaft kt. 581203-3220 verði slitið. Engin starfsemi er í framangreindum byggðasamlögum og er því lagt til að þau verði lögð niður og kennitölur þeirra afskráðar. Þar sem engar stjórnir eru starfandi er jafnframt lagt til að sveitarstjórnir skipi sveitarstjóra aðildarsveitarfélaganna í skiptastjórnir til að annast uppgjör og slit byggðasamlaganna.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkir tillöguna fyrir sitt leyti og skipar Söndru Brá Jóhannsdóttur sveitarstjóra sem fulltrúa Skaftárhrepps í skiptastjórnina.

8. 2203010 - Trúnaðarmál

Fundargerðir til kynningar

9. 1801013 -

*216. fundur Heilbrigðisnefndar Suðurlands, dags. 25.02.2022
907. fundur Sambands Íslenskra sveitarfélaga, dags. 25.02.2022
Stöðufundur lögreglustjórans á Suðurlandi vegna Covid-19 með bæjar- og sveitarstjórum á Suðurlandi, dags. 15.02.2022*

OB
GBP. Shi
BUG
1371



1.7 2203007 - Stöðuleyfi - heimild skipulags- og byggingafulltrúa að afgreiða

Niðurstaða Skipulagsnefnd - 172

Skipulagsnefnd felur skipulags- og byggingarfulltrúa að afgreiða stöðuleyfisumsóknir jafnóðum og þær berast.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar

Aðrir liðir fundargerðar kynntir sveitarstjórn

Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

2. 2203001 - Dýralæknaþjónusta í Skaftárhreppi - ályktun

Dýralæknaþjónusta Suðurlands er með þjónustusamning við MAST um dýralæknaþjónustu í Skaftárhreppi. Samhliða samningnum gerðu aðilar húsaleigusamning um Skriðuvelli 1 sem er í eigu Ríkisjóðs og var sérhannað fyrir héraðsdýralækni á sínum tíma. MAST sagði húsaleigusamningnum upp gagnvart Dýralæknaþjónustunni síðasta sumar og hafa nú Ríkiseignir tekið við sem leigusalar. Ríkiseignir hafa nú boðið áframhaldandi húsaleigusamning á kjörum sem Dýralæknaþjónustan telur vera algjöran forsendubrest varðandi áframhaldandi búsetu dýralæknis á svæðinu.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps hvetur MAST og Ríkiseignir til að ná fram ásættanlegum samningum í málinu. Dýralæknaþjónusta er hluti af grunnþjónustu í sveitarfélaginu þar sem landbúnaður er önnur af stoðatvinnugreinunum í Skaftárhreppi. Skaftárhreppur má alls ekki við að missa enn eina dýrmæta grunnþjónustu úr sveitarfélaginu en þess ber að geta að ekki er langt síðan að sveitarfélagið útskrifaðist úr verkefninu "Brothættar byggðir". Í svo fámennu sveitarfélagi sem Skaftárhreppur er skiptir hvert starf miklu máli auk þess sem þjónustuskerðing af þessu tagi myndi rýra búsetuskilyrði í sveitarfélaginu til muna. Sveitarstjóra falið að óska eftir fundi með forstjóra MAST vegna málsins.

3. 2203002 - Styrkbeiðni - Rauða fjöðrin. Lionshreyfingin á Íslandi og Blindrafélagið, dags. 03.03.2022

Lionshreyfingin stendur fyrir landssöfnun fyrir Blindrafélagið sem er upphafsátak í þriggja ára verkefni Blindrafélagsins um fjölgun leiðsöguhunda. Óskað er eftir styrk að upphæð 50-250 þús.kr.

BG, SHJ og JHK þakkar erindið en ekki verður stutt við verkefnið að þessu sinni. JBJ og GP sitja hjá við afgreiðsluna.

4. 2002010 - Yfirdráttarheimild

Sveitarstjóri óskar eftir heimild sveitarstjórnar til framlengingar á yfirdráttarheimild að upphæð 30 millj.kr til eins árs. Um er að ræða ráðstöfun í varúðarskygni til að mæta mögulegri fjárförf vegna framkvæmda á næstu mánuðum. Engir vextir eru greiddir af heimildinni nema af þeirra fjárhæð sem



Stöðufundur lögreglustjórans á Suðurlandi vegna Covid-19 með bæjar- og sveitarstjórum á Suðurlandi, dags. 22.02.2022

Stöðufundur lögreglustjórans á Suðurlandi vegna Covid-19 með bæjar- og sveitarstjórum á Suðurlandi, dags. 01.03.2022

96. fundur félagsmálanefndar Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu, dags. 17.02.2022

97. fundur félagsmálanefndar Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu, dags. 21.02.2022

98. fundur félagsmálanefndar Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu, dags. 10.03.2022

35. fundur stjórnar Bergrisans bs. dags. 31.01.2022

36. fundur stjórnar Bergrisans bs. dags. 15.02.2022

58. fundur stjórnar Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu, dags. 01.02.2022

579. fundur stjórnar SASS, dags. 04.03.2022

Fundargerðir kynntar

Annað kynningarefni

10. 1801013 -

Minnisblað um hækkun lífeyrisskuldbindinga 2021. Samband íslenskra sveitarfélaga, dags. 22.02.2022

Skýrsla til sveitarstjóra Skaftárhrepps um stjórmsýsluskoðun 2021. KPMG, dags. 24.02.2022

Tilkynning vegna samræmdra könnunarprófa 2022. Mennta- og barnamálaráðherra, dags. 22.02.2022

Almennt eftirlit með fjármálum sveitarfélaga á árinu 2022. Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga, dags. 21.02.2022

Kynnt

Næsti sveitarstjórnarfundur er áætlaður miðvikudaginn 13. apríl 2022.

Fundargerð lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl. 17:08.

Bjarki Guðnason

Jón Hrafn Karlsson

Jóna Björk Jónsdóttir

Guðstaf B Pálsson

Sveinn Hreiðar Jensson

